



Þorlákshöfn 8. ágúst. 2016.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t. Stefán Gíslason formaður verkefnisstjórnar rammaáætlunar  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

**Efni: Tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun.**

Bæjarstjórn Ölfuss hefur farið yfir fyrirbyggjandi tillögu að rammaáætlun frá 11. maí 2016 og umhverfismat hennar og vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri varðandi eftirfarandi virkjunarkosti í sveitarfélaginu.


**Innstidalur:**

Bæjarstjórn Ölfuss lýsir yfir ánægju sinni með að útivistarperlan Innstidalur sé settur í verndarflokk í tillögunni og leggur á það mikla áherslu að hann verði í þeim flokki um alla framtíð og verði ekki raskað meir en orðið er.

**Hverahlíð II:**

Varðandi Hverahlíð II þá getur bæjarstjórn ekki fallist á þau rök sem koma fram í skýrslu verkefnisstjórnar um að virkjun á svæði Hverahlíð II fari fram á þegar röskuðu svæði. Norðurhálsar eða það svæði sem fyrirhugað er að hefja orkuvinnslu á er óraskað svæði og er að mati bæjarstjórnar ekki hægt að líta svo á að um stækkun iðnarsvæðis Hverahlíðar sé um að ræða. Bæjarstjórn leggst ekki gegn því að jarðhitageymir undir Norðurháls svæðinu verði virkjaður en að það þurfi að gerast með skáborunum af virkjunarsvæði Hverahlíðar sem þegar er til staðar og þegar er hafin vinnsla á.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarstjórnar Ölfuss



---

Sveinn Steinarsson  
forseti bæjarstjórnar